

Nd.

531. Nefndarálit

um frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hlutinn getur ekki mælt með því, að hinir almennu kvennaskólar sjeu teknir út úr og látnir sæta öðrum kjörum en hin almenna unglíngafraeðsla í landinu. Þó sjerstakir unglíngaskólar sjeu haldnir fyrir stúlkur einar, þá byggist það á þeim rökum, sem ekkert eiga skylt við, að skólar þessir eigi að njóta sjerstöðu í samanburði við aðra unglíngaskóla. Kvennaskólar eru því aðeins hliðstæðir bændaskólum og öðrum sjerskólum, að þeir sjeu húsmæðraskólar. Það mundi því valda misrjetti, ef frumvarp þetta væri samþykkt og ekki trygt um leið, að unglíngaskólar í öðrum landshlutum, þó samskólar sjeu, nytu sömu kjara. Hinsvegar játar minni hlutinn, að skipun unglíngafraeðslunnar um land alt sje algerlega ófullnægjandi. Unglíngafraeðslan er sá þáttur fraeðslumálanna, sem nú kallar fastast eftir aðgerðum löggjafarvaldsins. Minni hlutinn leyfir sjer því að koma fram með svofelda

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta þing frumvarp til laga um almenna unglíngafraeðslu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. maí 1926.

Bernh. Stefánsson,
frsm.

Ásgeir Ásgeirsson,
fundaskrifari.